

FUNDARGERÐ

367. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 15. desember 2015 kl. 15.00 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Esther Ú. Friðþjófsdóttir, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu Anna Þrúður Þorkelsdóttir og Hrafn Magnússon.

Þetta gerðist:

- 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt**
- 2. Kjaramálin staðan nú**

Mikil umræða um þau skjöl/gögn sem fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur lagt fyrir þingmenn og fulltrúa eldri borgara og hvernig ráðherra getur leyft sér að leggja saman hækkanir lífeyris síðasta árs. Þó orðalagið í 69 gr „taki mið af launaþróun“ sé augljóst er það þó það sem tekist er á um. Rætt um aðskilnað eldri borgara a.v. og öryrkja h.v. í umræðunni. Drög að svari, hvernig sem niðurstaða verður um afturvirkni lífeyris sé tilbúin.
- 3. Fjármálin / fjöldi félagsmanna**

Komið að lokun árs og uppgjöri með aðkomu nýs endurskoðanda. Fjöldi félagsmanna í fyrsta sinn í sögu félagsins náð 10.000. Greiðandi 9.500. Gjaldkeri nefndi fylgiskjöl sem hún hefur verið að skoða og fjölda þeirra og þá vinnu sem eftir er í janúar og leggur til að hugað verði að aðalfundi 18. febrúar. Vel verði gerð grein fyrir sérinnheimtunni vegna húsnæðis.

Stjórn samþykkir kaup á heimilistækjum fyrir 120 þús.

Samþykkt allt að 1,2 mkr í uppfærslu nýrrar heimasíðu og tengdra mála.

Samþykkt að verja allt að 900 þúsund kr í viðhald húss.

Árið kemur vel út fjárhagslega hjá félaginu og nú í annað skiptið í röð þarf ekki að nýta yfirdrátt í banka. Ráðgert er að skipta um viðskiptabanka fyrir félagið.

Endurskoðun og yfirferð vegna Hólabergs er á lokaspretti.
- 4. Samvinna við Reykjavíkurborg – næstu skref**

Formaður og framkvæmdastjóri var boðið að skoða aðstöðu sem félaginu stendur til boða í Árskógum. Húsnæðið kom þægilega á óvart m.a. nægileg aðstaða fyrir skrifstofu og aðgengi að sal eftir samkomulagi. Rætt um kosti þog galla samkomulags við Rvkborg um húsnæðisaðstöðu fyrir félagið. Samþykkt að skoða áfram og þá með ákveðnum hópi innan FEB og stilla upp drögum að samningi við Reykjavíkurborg sem leggja mætti fram á aðalfundi.
- 5. Aðsókn í íbúðir í Mjódd og staða mála**

Nú hafa tæplega 100 manns sett sig á lista yfir „áhugasama“ fyrir íbúðum í Mjódd. Félagið hefur ekki formlega fengið lóðina og því ekki vitað um þann kostnað. Unnið er að fjármögnun með banka. Teikningar verða lagðar fram á fundi byggingarnefndar nú í vikunni.
- 6. Uppstillingarnefnd / Laganefnd**

Uppstillingarnefnd hefur störf í vikunni. Laganefnd kemur með sínar tillögur nú í vikunni.
- 7. Heimasíða / Facebook/ útsendingar netpósts**

Niðurstöður úr lauslegri könnun meðal félagsmanna um útlit heimasíðu verður sent stjórnarmönnum. Fjölgað hefur verulega þeim félagsmönnum sem hafa netfang og fá þannig reglulega fréttir af starfsemi félagsins.
- 8. Afmælisár 2016**

Formaður bað stjórnarmenn að hugleiða vel hvort og þá hvernig ætti að minnast 30 ára afmælis félagsins. Félagið hefur sjaldan eða aldrei verið jafn sýnilegt og í

umræðunni og undanfarna vikur og mánuði. Spurning hvernig því verður fylgt eftir á komandi afmælisári.

9. Önnur mál

- Matarmál í Fróðengi (Borgum) niðurstaða
– Ályktun stjórnar; Stjórn FEB telur eðlilegt að eldri borgurum í Reykjavík verði gefinn kostur á að fá heitan mat alla daga ársins sem það svo geti neytt í félagsskap annarra.

Næsti fundur stjórnarinnar verður boðaður sérstaklega.
Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.40.